

Borgarráð
31. júlí 2018

Tillögur borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um aðgerðir í húsnæðismálum

1. Tillaga um breytingu á stofnframlögum

Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að ræða við ríkisstjórn og verkalyðshreyfinguna um breytingar á reglum um stofnframlög þannig að hægt sé að fjölga leiguíbúðum í Reykjavík.

Greinargerð:

Talsverðar takmarkanir eru á því hvað Félagsbústaðir geta keypt mikið af félagslegu húsnæði vegna reglna Íbúðalánasjóðs um stofnframlög. Útskýring á þeim takmörkunum miðast við verð og stærð íbúðar.

Reglur Íbúðalánasjóðs um stofnframlög kveða á um eftirfarandi stærðarviðmið:

Fjöldi herbergja	Hámarksstærðir m.v. herbergjafjölda
Einstaklingsíbúð	50 m ²
2ja herbergja íbúð	60 m ²
3ja herbergja íbúð	80 m ²
4ra herbergja íbúð	95 m ²
5 herbergja íbúð	110 m ²

Heimild: <http://www.ils.is/stofnframlog/stofnframlog/>

Félagsbústaðir þurfa að takmarka kaup sín miðað við ofangreindar reglur. Í þeim tilvikum þar sem stærð íbúða er umfram reglurnar um stærðarviðmið hafa Félagsbústaðir fengið skert stofnframlag, sem hefur áhrif á möguleika þeirra á að kaupa íbúðir. Íbúðalánasjóður metur auk þess hvort kaupverð íbúðar sé í samræmi við markaðsverð skv. 13.gr reglugerðar nr. 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga. Félagsbústaðir sem umsækjandi skal einnig gera grein fyrir stofnkostnaði íbúðar þ.e. öllum endurbótum og breytingum sem teljast nauðsynlegar til að koma íbúð í leiguhæft ástand. Stofnframlög reiknast þannig út frá stofnvirði, þ.e. kaupverði auk stofnkostnaðar. Hingað til hafa Félagsbústaðir fengið 22% framlag frá ríkinu, þ.e. 18% stofnframlag auk 4% viðbótarframlags. Af þeim sem voru skráðir á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík 1.júlí sl. voru flestir þeirra einhleypir, eða um 72 %. Mikil þörf er því á kaupum á einstaklings og tveggja herbergja íbúðum fyrir þennan hóp.

2. Tillaga um samstarf um málefni utangarðsfólks

Borgarráð samþykkir að hefja formlegt samstarf milli ríkis, Reykjavíkurborgar, stærstu sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að tryggja að raunhæfar úrlausnir séu til staðar þegar leysa þarf úr bráðum húsnæðisvanda.

Greinargerð:

Í álitum umboðsmanns Alþingis frá 6. júlí 2018 (mál 9164/2016) kom fram að hann teldi mikilvægt að þeir aðilar sem koma að málefnum þeirra hópa sem fjallað er um í álitinu, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, hafi með sér samráð um hvernig takast megi á við húsnæðisvanda þeirra þannig að efnisleg lágmarksréttindi séu tryggð og að um sé að ræða raunhæf og virk úrræði í þágu þeirra. Þar segir orðrét: „Þótt í þessu álitu sé sérstaklega fjallað um aðkomu Reykjavíkurborgar að þessum málum þá legg ég áherslu á að önnur sveitarfélög ráðuneyti og ríkisstofnanir þurfa sameiginlega að leggjast á árar í þessum málum í samræmi við þau

verkefni sem þau fara með. Liður í því gæti verið að greiða betur fyrir því að þeir sem tala máli utangarðsfólks og annarra sem eiga við bráðan húsnæðisvanda að stríða vegna fíknivanda, oft samhliða geðrænum vanda finni að mál séu lögð í skipulegan farveg sem miði að lausn svo fljótt sem unnt er“.

3. Tillaga um áskorun til félags- og húsnæðismálaráðherra um að skylda sveitarfélög til að fjölga félagslegum leiguíbúðum.

Borgarráð samþykkir að skora á félags- og húsnæðismálaráðherra og Alþingi að skylda sveitarfélög til að fjölga félagslegum leiguíbúðum, t.d. í 4-5% af íbúðum í sveitarfélaginu eða finna aðrar leiðir til að tryggja að sveitarfélögin sinni skyldum sínum.

Greinargerð:

Félagsbústaðir eiga um 5% allra íbúða í Reykjavík á meðan sama hlutfall í nágrannasveitarfélögum er mun lægra. Í Reykjavík eru því tæplega 20 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1000 íbúa en í nágrannasveitarfélögum eru að meðaltali 8,3 íbúðir á hverja 1000 íbúa. Ef önnur sveitarfélög fjárfestu í félagslegu húsnæði í sama mæli og Reykjavík mundi það leysa stóran hluta þarfar fyrir félagslegt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

4. Tillaga um formlegar viðræður um kostnaðarþátttöku vegna úrræða Reykjavíkurborgar

Borgarráð samþykkir að taka upp formlegar viðræður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um kostnaðarþátttöku vegna þeirra einstaklinga sem eru með lögheimili í sveitarfélögum utan Reykjavíkur en nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar s.s. Konukot, Gistiskýlið og Víðines.

Greinargerð:

Með álitni umboðsmanns alþingis, dags 6. júlí 2018 vegna utangarðsfólks, þ.m.t. heimilislausra, beindi umboðsmaður tilmælum til 15 fjölmennustu sveitarfélaga landsins utan Reykjavíkur að þeir fari yfir málefni þessa hóps og leiti samstarfs við Reykjavíkurborg um hvernig þau ræki þær skyldu sem lög leggja á þau að þessi leiti. Það er þekkt að fólk sem á í miklum vanda, t.d. vegna vímuefnaneyslu, leiti til Reykjavíkurborgar eftir þjónustu, meðal annars þar sem þjónusta við þennan hóp er takmörkuð í öðrum sveitarfélögum. Aðrir félagslegri þættir hafa einnig áhrif, svo sem samneyti við fólk í svipaðri stöðu. Samkvæmt upplýsingum frá Konukoti og Gistiskýlinu í Reykjavík þá voru um 850 gistinætur á árinu 2017 vegna fólks sem er búsett utan Reykjavíkur, 142 í Gistiskýlinu og 705 í Konukoti en Reykjavíkurborg greiðir allan kostnað við úrræðin. Það er því afar brýnt að taka upp formlegar viðræður við önnur sveitarfélög um kostnaðarþátttöku og samskipti vegna þessara mála.

5. Tillaga um húsnæðissáttmála ríkisstjórnarinnar

Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að kalla eftir stöðu á þeim aðgerðum sem settar voru fram í húsnæðissáttmála ríkisstjórnarinnar sem kynntur var í júní árið 2017.

Greinargerð:

Í húsnæðissáttmála ríkisstjórnarinnar frá júní 2017 eru fjölmargar aðgerðir sem hafa áhrif á húsnæðismál Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að fá yfirlit yfir stöðu mála. Sáttmálinn tekur m.a. til greininga og áætlaða, breytinga á lögum og reglum, hagkvæmra uppbyggingar á ríkislóðum, fjármögnun og félagslegra aðgerða. Hér má nálgast sáttmálann:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=badfc80e-4b78-11e7-9410-005056bc4d74>

6. Tillaga um heilbrigðisþjónustu fyrir utangarðsfólk

Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að hefja viðræður við heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu m.a. hjúkrunarrými, fyrir eldra utangarðsfólk.

Greinargerð:

Útigangur og langtímaneysla hefur veruleg áhrif á heilsu einstaklinga og hópurinn er oft að kljást við snemmtæk öldrunareinkenni (alcohol-related dementia). Af þeim sökum er mikilvægt að ná góðu samstarfi við heilbrigðisyfirvöld og fá aðgang að hjúkrunarheimilum fyrir hópinn en afar erfitt hefur reynst að fá samþykkt færni- og hjúkrunarmat fyrir þennan hóp og vistun á hjúkrunarheimilum.

7. Tillaga um lóðir fyrir smáhýsi

Borgarráð samþykkir að fela umhverfis og skipulagssviði að útvega fimm lóðir fyrir allt að fimm smáhýsi á hverri lóð á árinu 2018.

Greinargerð:

Í október 2008 voru fjögur 25m² smáhýsi fyrir utangarðsfólk tekin í notkun á Fiskislóð 16 í Reykjavík. Síðar voru smáhýsin flutt á núverandi lóð, vegna sölu á Fiskislóð. Brýnt er að fjölga lóðum fyrir smáhýsi þar sem talið er að þetta séu bestu úrræðin fyrir jaðarsettasta hópinn. Smáhýsin geti staðið á lóðunum að lágmarki í þrjú ár.

8. Tillaga um uppbyggingu húsnæðis fyrir utangarðs og/eða heimilslaust fólk

Borgarráð felur velferðarsviði forystu um gerð tillagna að frekari uppbyggingu húsnæðis fyrir utangarðs og/eða heimilslaust fólk í samstarfi við hlutaðeigandi svið og skrifstofur, svo sem umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Félagsbústaði. Tillaga skal byggja á fyrirliggjandi greinargerðum og þarfagreiningu frá velferðarsviði og stefnumótunar sem velferðarráð vinnur að vegna þessa hóps og fyrirhugaðs fundar með helstu hagsmunaaðilum þann 10. ágúst næstkomandi. Tillaga verði svo lögð fyrir borgarráð í kjölfarið.

Greinargerð:

Á biðlista í júlí 2018 eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fólk sem er heimilslaust og/eða á við vímuefnavanda að stríða eru alls 76 einstaklingar. Af þeim voru 43 einstaklingar einnig á bið eftir almennu félagslegu húsnæði. Kynjaskipting var þannig að 62 voru karlar og 14 konur. Af þessum 76 eru alls 42 sem skráðir eru heimilslausir á biðlista eftir félagslegu húsnæði og dvelja m.a í Gistiskýli og Konukoti. Að mati velferðarsviðs þarf að setja á laggirnar neyðarskýli fyrir unga fíkniefnaneytendur, flýta uppbyggingu á búsetukjarna fyrir konur með fíkni- og geðvanda og setja á laggirnar nýtt úrræði fyrir karla sem er sambærilegt og er rekið á Njálsgötu og fleiri stöðum, fyrir einstaklinga í virkri neyslu. Einn slíkur kjarni getur kostað allt að 130-150 mkr. Einnig telur velferðarsvið mikilvægt að koma upp neyðarhúsnæði fyrir heimilslaust fólk og horfa til Viðiness eða annarra lausna, s.s. uppsetningu gáma.